

Sb.

163. Tillaga til þingsályktunar

[79. mál]

um húsnæði fyrir Hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Flm. Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá Hjúkrunarkvennaskóla Íslands nú þegar fyrir bráðabirgðahúsnæði, sem nægi til þess að hægt sé að hafa í skólann um a. m. k. 80 hjúkrunarnema.

Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um það — með fjárframlögum og annarri fyrirgreiðslu — að hafizt verði handa um byggingu framtíðar húsnæðis fyrir skólann.

Greinargerð.

Hjúkrunarkvennaskóli Íslands er nú til húsa á þriðju hæð Landsspítalans. Með því að láta þrjá til fjóra nemendur búa saman í herbergi er hægt að troða í skólann 50 nemendum. Sú tala nemenda er allt of lág til þess að fullnægja þörf þeirra sjúkrahúsa og heilbrigðisstöðva, sem nú þegar starfa, fyrir lærðar hjúkrunarkonur, og verður þó vitanlega þörf fyrir miklu fleiri hjúkrunarkonur eftir því sem bætt verður úr sjúkrahúsaskortinum, sem eins og allir vita er mjög tilfinnanlegur, og þá ekki sízt hér í höfuðborginni. Enn fremur þegar heilsugæzla samkv. III. kafla laga um almannatryggingar kemur til framkvæmda.

Sem dæmi um skort lærðra hjúkrunarkvenna má nefna það, að Landsspítalann verður nú að reka með aðeins 50% þeirra hjúkrunarkvenna, sem þörf er á að hafa þar.

Það liggur í augum uppi, að slíkur skortur á lærðum hjúkrunarkonum hlýtur á næstu árum að valda stórkostlegum vandræðum í heilbrigðis- og heilsugæzlumálum þjóðarinnar, nema tafarlaust séu gerðar ráðstafanir til úrbóta.

Frumskilyrði til þess, að hægt sé að mennta fleiri hjúkrunarkonur, er það, að hjúkrunarkvennaskólanum sé strax séð fyrir meira húsnæði en hann nú hefur, og lýtur fyrri hluti tillögunnar að því bráðabirgðaákvæði.

En svo er hvort tveggja, að húsnæði það, sem skólinn hefur í Landsspítalanum, er nú þegar alveg ófullnægjandi, og svo hitt, að það er stórbagalegt fyrir starfsemi Landsspítalans að geta ekki fengið þetta húsrými til íbúðar fyrir hjúkrunarkonur og starfsfólk spítalans.

Þess vegna verður jafnframt bráðabirgðaúrræðum að hefjast þegar handa um það að tryggja hjúkrunarkvennaskólanum framtíðarhúsnæði í eigin húsi, sem sniðið verði við vaxandi þarfir hans og kröfur komandi tíma.